Nr. 264 23. mars 2006

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á aðalskipulagi Árborgar 2005-2025.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 23. mars 2006 staðfest aðalskipulag Árborgar 2005-2025.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Selfoss 1995-2015 frá 4. september 1996, aðalskipulag Eyrarbakka 1997-2017 frá 8. júlí 1997 og aðalskipulag Stokkseyrar 1996-2016 frá 7. október 1996, með síðari breytingum.

*Umhverfisráðuneytinu, 23. mars 2006.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2006